

Nd.

112. Frumvarp til laga

[109. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignaskatt.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Karvel Pálmason,
Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Á eftir 69. gr. laganna komi ný gr. er verði 70 gr. og hljóði svo:

Í feruárbyrjun ár hvert skal Hagstofa Íslands reikna út sérstaka framfærsluvísitölu fyrir hvern kaupstað utan Reykjavíkursvæðisins og fyrir hverja sýslu landsins.

Nota skal á hverjum tíma gildandi útreikningsgrundvöll hinnar almennu framfærsluvísitölu, en taka auk þess tillit til afgerandi þátta á hverjum stað þótt þeir séu ekki í hinum almenna grundvelli.

Verði hinar sérstöku framfærsluvísitölur skv. þessari grein hærri eða lægri en hin almenna framfærsluvísitala, svo nemi meira en 2%, skal hækka eða lækka persónuafslátt skv. 68. gr. og barnabætur skv. 69. gr. í hverju byggðarlagi fyrir sig sem nemur hlutfalli vísitalnanna margfölduðu með þremur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taki til álagningar tekjuskatts árið 1982.

Greinargerð.

Þó að höfuðtilgangur tekjuskatts sé tekjuöflun fyrir ríkissjóð, þá er hann öðrum þræði tæki til tekjujöfnunar milli manna, þótt ekki hafi í þeim efnum eins vel til tekist og flestir vildu.

Eitt einkenni tekjuskatts hefur ávallt verið það, að tekjur fyrir nauðþurftum, þótt það sé afar teygjanlegt hugtak, hafa verið undanþegnar skattlagningu.

Í núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt er svokölluðum persónuafslætti og barnabótum ætlað að sjá um þetta atriði. Ef kostnaður við öflun nauðþurfta er mismunandi mikill í hinum ýmsu landshlutum, eins og flestir telja, hlýtur það að vera bæði eðlilegt og sanngjarn, að tekið sé mið af því við ákvörðun persónuafsláttar og barnabóta.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því, að upphæð persónuafsláttar og barnabóta breyttist eftir tilkostnaði í hverjum kaupstað utan Reykjavíkursvæðisins og hverri sýslu þannig að lágtekjufólk fái kostnaðaraukann að fullu bættan í gegnum skattakerfið, en bæturnar fari minnkandi eftir því sem tekjurnar hækka.

Gert er ráð fyrir því, að Hagstofa Íslands reikni út þennan kostnaðarmismun eftir landshlutum. Ef það er t. d. 5% dýrara að búa á einum stað en almenna framfærsluvísitalan gerir ráð fyrir, þá þarf að hækka persónuafslátt og barnabætur um 15% til að jafna þennan mismun út hjá lágtekjufólki, eins og meðfylgjandi tafla sýnir.

Ýmsir munu halda því fram, að framkvæmd laga sem þessara verði bæði erfið og dýr. Svo þarf þó ekki að vera þegar frá líður. Í byrjun verður talsvert verk fyrir Hagstofuna að meta ýmsa þætti, sem þungt vega víða á landsbyggðinni, en eru nú varla með í grundvelli hinnar almennu framfærsluvísitölu. T. d. á það við um ferða- og flutningskostnað innanlands. Aftur á móti er þar fullt tillit tekið til innanbæjaraksturs og fargjalda með strætisvögnum.

Annað, sem mjög þungt vegur í þessum samanburði, er kostnaður við upphitun húsa. Þó að hitaveitugjöld í Reykjavík séu nú alls ráðandi í grundvelli framfærsluvísitölnnar, þá er auðvelt að reikna þann kostnað út eftir byggðarlögum.

Samanburður á verði almennra neysluvara er auðveldur og hefur verið framkvæmdur.

Í þessu sambandi má einnig benda á það, að á undanförunum árum hafa margir þingmenn, úr öllum flokkum, talið það nauðsynlegt, að öruggt mat fari fram á mismun tilkostnaðar við búsetu eftir landshlutum.

Gert er ráð fyrir því, að þessar sérstöku framfærsluvísitölur verði reiknaðar út einu sinni á ári, en ekki fjórum sinnum eins og almenna framfærsluvísitalan, enda er upphæð persónuafsláttar og barnabóta ákveðin einu sinni á ári.

Útreikningur og álagning tekjuskatts eru nú unnin í tölvum, og það breytir því engu þótt persónuafsláttur og barnabætur séu breytileg eftir landshlutum.

Brúttó- tekjur	Tekju- skattur	Útsvar	Persónu- afsláttur og barnabætur	Beinir skattar nettó	Ráðstöfunartekjur (brúttótekjur — beinir skattar)	Kostnaðarhækkun m. v. 5% hækkun framfærsluvísitölu	15% hækkun persónuafsl. og barnabóta	Kostnaðar- mismunur bættur (í %)
50 000	11 250	4 280	21 456	-5 926	56 236	2 812	3 218	114%
60 000	14 200	5 380	21 456	-1 876	61 876	3 094	3 218	104%
70 000	17 350	6 480	21 456	2 374	67 626	3 381	3 218	95%
80 000	20 500	7 580	21 456	6 624	73 376	3 669	3 218	88%
90 000	23 650	8 680	21 456	10 874	79 126	3 956	3 218	81%
100 000	26 800	9 780	21 456	15 124	84 876	4 244	3 218	76%
110 000	31 300	10 880	21 456	20 724	89 276	4 464	3 218	72%
120 000	35 800	11 980	21 456	26 324	93 676	4 684	3 218	69%
130 000	40 300	13 080	21 456	31 924	98 076	4 904	3 218	66%
140 000	44 800	14 180	21 456	37 524	102 476	5 124	3 218	63%
150 000	49 300	15 280	21 456	43 124	106 876	5 344	3 218	61%

Skýringar:

- 1) Álagning 1981 — tekjur ársins 1980.
- 2) Hjón með 2 börn, annað yngra en 7 ára.
- 3) Annað hjónanna vinnur fyrir öllum tekjum heimilisins.
- 4) Álagningarhlutfall útsvars er reiknað 11%.
- 5) Notuð er 10% frádráttarreglan v/tekjuskattinn.
- 6) Til einföldunar eru beinir skattar aðeins taldir vera tekjuskattur og útsvar.
- 7) Allar upphæðir í nýkrónum.